

Nd.

95. Framvarp

til kosningalaga fyrir Reykjavík.

Flutningsmenn: Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson
og Magnús Jónsson.

1. gr.

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, sem eru 25 ára eða eldri og hafa verið heimilistastir í bænum í eitt ár þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi og standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, sem veittur hefir verið af öðrum ástæðum en elli, heilsubresti, ómegð eða atvinnuleysi. Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hefir.

2. gr.

Kjörskrá sú og aukakjörskrá, sem árlega eru samdar yfir kjósendur til Alþingis, skulu og gilda fyrir kosningar í bæjarmálefnum fyrir sama tímabil og til alþingiskosninga.

3. gr.

Þegar kosning á fram að fara, skal borgarstjóri auglýsa dag, stað og stundu með 6 vikna fyrirvara og samtímis leggja fram eftirrit af gildandi kjörskrá og viðbótarskrá yfir þá kjósendur, sem ekki hafa kosningarrjett til Alþingis. Skulu skrárnar liggja til sýnis í 14 daga, og má innan þess frests kæra yfir því, að einhver sje oftalinn eða vantallinn á kjörskrá. Bæjarstjórnin úrskurðar kærur á sama hátt og kærur yfir aðalkjörskrá, og síðan skal semja viðbótarskrá samkvæmt úrskurðunum. Skal viðbótarkjörskráin fullger ekki síðar en 14 dögum áður en kosning fer fram, og eftir að bæjarstjórn hefir gengið frá henni má ekki bæta neinu nafni á kjörskrá, nje strika nokkurt nafn út af henni.

4. gr.

Kosningu stýrir kjörstjórn, og eru í henni borgarstjóri, sem er oddviti kjörstjórnar, og tveir bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin kýs. Auk þess skal bæjarstjórnin kjósa tvo bæjarfulltrúa til vara í kjörstjórnina, og tekur varamaður sæti í kjörstjórninni í forföllum þess aðalmanns, sem kosinn er á sama lista. Við borgarstjórakosningu og í forföllum borgarstjóra skal forseti bæjarstjórnar, eða varaforseti í forföllum hans, gegna störfum oddvita.

Lista þá, sem kjósa skal um, skal afhenda oddvita kjörstjórnar ekki síðar en á hádegi 20 dögum á undan kosningu.

6. gr.

Við aukakosningar getur bæjarstjórnin stýtt alla fresti í lögum þessum um helming.

7. gr.

Kjösendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar síns eftir sömu reglum og gilda við kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 30. júlí 1909, að því er Reykjavík snertir, og 7. og 8. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Lög þau, sem nú gilda um kosningar í Reykjavík, eru orðin úrelt að mörgu leyti, enda hefir á undanförunum árum verið rætt mikið um breytingar á þeim.

Bæjarstjórnin hefir nú samið þetta frumvarp til kosningalaga fyrir bæinn og samþykkt það með 10 atkvæðum gegn einu á fundi sínum 15. febr. 1923.

1. gr. Felt er burt sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, að greitt sje gjald í bæjarsjóð, og er það nauðsynlegt, ef frumvarp það til laga um bæjargjöld í Reykjavík, sem nú verður lagt fyrir Alþingi, verður að lögum, því að þá mun ekki verða lagt útsvar á marga, sem nú bera lágt útsvar. Önnur breyting á kosningarrjettarskilyrðum er, að sveitarstýrkur vegna elli, heilsubrests, ómegðar og atvinnuleysis á ekki að svifta kosningarrjetti. Þetta er eina atriðið, annað en aldurstakmarkið í frumvarpi þessu, sem varð að deiluefni í bæjarstjórninni, en það var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 6.

2. og 3. gr. Samkvæmt gildandi lögum á að semja kjörskrá í hvert skifti og kosning fer fram, og þar sem reglulegar bæjarstjórnarkosningar eiga að fara fram í janúarmánuði, verður kjörskráin að vera tilbúin fyrir miðjan janúar, og á sama tíma á að semja alþingiskjörskrá.

Kjörskrárnar þarf að semja eftir síðasta manntali, sem fer fram seint í nóvember, og það getur ekki verið tilbúið fyr en um nýár, og verður því alt of naumur tími til kjörskrársamningar þegar fjölmennið er orðið mikið. Á síðustu alþingiskjörskrá eru 8001 kjösendur. Þess vegna gerir frumvarpið ráð fyrir, að alþingiskjörskráin gildi einnig við aðrar kosningar í bænum, en samin

verði viðbótarskrá 6 vikum áður en kosning fer fram, og almenningi þá enn gefinn kostur á að fá skrárnar leiðrjettar. Með þessu móti má gera ráð fyrir, að kjörskráin verði svo fullkomin, sem þess er kostur. Sjálfsgagt virðist að taka fram þerum orðum í lögnum, að ekki megi breyta kjörskrá eftir að hún er fullgerð.

4. gr. Kjörstjórn verður óbreytt eins og nú, en með því að hlutfallskosning er lögleidd í bæjarstjórninni eru ákvæði sett um skipun varamanna. Við borgarstjórakosningu er forseti bæjarstjórnar nú oddviti kjörstjórnar, og virðist rjett að fela honum einnig það starf í forföllum borgarstjóra.

5. gr. Vegna ákvæðanna í 7. gr. er nauðsynlegt, að listar þeir, sem kjósa á um, verði kunnir svo snemma, að líkindi sjeu til, að fjarstaddir kjósendur geti notið rjettar síns.

7. gr. Það þykir rjett að gefa sjómönnum og öðrum fjarstöddum kjósendum tækifæri til að greiða atkvæði, þótt ekki geti þeir mætt á kjörstað á kjördegi.

Greinargerð þessi er samin af borgarstjóra Reykjavíkur, en þingmenn bæjarins flytja frumvarpið eftir áskorun bæjarstjórnarinnar, þó að þeir, hver um sig, sjeu því ekki samþykkir í öllum atriðum, og þó að á því virðist vera ágallar, sem óhjákvæmilega verður að lagfæra í meðferðinni.